

Nd.

569. Breytingartillaga

[173. mál]

við frv. til laga um brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Birni Ólafssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný gr., er verði 2. gr. (og breytist greinatala samkv. því):

Skylt er bæjar- og sveitarstjórnnum á fimm ára fresti að leita tilboða í tryggingarnar á frjálsum markaði. Sama gildir um endurtryggingar.

Bæjar- og sveitarfélög geta því aðeins tekið tryggingarnar í eigin hendur, að fjárhagsgrundvöllur þeirra sé tryggur og iðgjöldin séu sambærileg iðgjöldum viðurkenndra tryggingarfélaganna, sem hagkvæmast tilboð gefa, að viðbættu gjaldi, sem ákveðið er að leggja í sérstakan tryggingarsjóð, sbr. 1. gr.